

Nr. 21.  
6. júní.

## Konungleg auglýsing

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs.

**Vjer Christian hinn Tiundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Þar eð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vjer samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, að ríkisstjórn í fjærvist Vorri sje falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vjer hjer með Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign, krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vjer komum heim aftur.

**Gefð á Amaliuborg, 6. júní 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

Z a h l e.